



## ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR KYNBUNDINS OFBELDIS Á SUÐURLANDI

Sveitarfélagið Árborg  
Fjóra Steindóra Kristinsdóttir bæjarstjóri  
Austurvegi 2  
800 Selfoss

Selfossi, 15. október 2022

Efni: Umsókn um styrk til SIGURHÆÐA

Erindi þessa bréfs er að óska eftir styrk til SIGURHÆÐA – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi – vegna starfseminnar 2023.

Haustið 2021 var sett fram sú stefna fyrir hönd SIGURHÆÐA að sveitarstjórnarstigið á Suðurlandi fjármagni þriðjung af kostnaðaráætlun hvers árs. Sú stefna hefur náð fram að ganga, sem er bæði lofsvert og þakkarvert. Er það dæmi um þá miklu ánægju, einhug og samstöðu sem ríkir um SIGURHÆÐIR, sem er einstök á landsvísu.

SIGURHÆÐIR hafa á árinu 2022 verið áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands með 5 mkr. framlagi og mun verða sótt um áframhald á þeirri stöðu fyrir árið 2023. Tóku styrkumsóknir til sveitarfélaganna sunnlensku vegna ársins 2022 mið af þessu, enda var sótt til þeirra um styrki í hlutfalli við íbúafjölda fyrir upphæðum sem að viðbætti fjárveitingu úr Sóknaráætlun nam þriðjung af kostnaðaráætlun 2022. Ákvörðun stjórnar SASS lá fyrir í byrjun desember 2021 og var því ekki sótt um styrki til sunnlensku sveitarfélaganna fyrr en um miðjan desember 2021. Var tímasetningin mjög bagaleg fyrir sveitarfélögin og með þessu snemmbúna erindi nú er ætlunin að gefa sveitarfélögunum eðlilegan tíma til að undirbúa sína ákvarðanatöku um styrk til SIGURHÆÐA.

Kostnaðaráætlun SIGURHÆÐA 2023 nemur kr. 47.883.000. Tekur hún mið af rauntölum ársins 2022 yfir aðsókn og nýtingu á úrræðinu. Er nú svo komið að tæplega 200 konur hafa sótt eða eru í þjónustu og eru viðtöl nálægt 600. Er þá ekki reiknað með hópmeðferðinni, sem fram fer í þremur meðferðarlotum. Fyrirhugað er að halda áfram að undirbúa rannsókn á árangri EMDR-meðferðarinnar og hefja rannsókn á árangri hópmeðferðarinnar. Rýning og árangursmat á starfseminni er okkur og einkum opinberum aðilum mjög kærkomin, eins og óháð úttekt Háskóla Íslands á undirbúningi, innleiðingu og árangri á fyrsta starfsári

Þórsmörk 7, 800 Selfoss. Kt. 620210-1370. Sími 834 5566.  
Netfang [sigur@sigurhaedir.is](mailto:sigur@sigurhaedir.is). Vefsíða [sigurhaedir.is](http://sigurhaedir.is). Facebook [sigurhaedir](https://www.facebook.com/sigurhaedir)

<b>ÁRBORG</b>	
Bnrnr: 00.81	Mótt: 18/10 '22
Ábm: F.K	Mnr: 2210213

SIGURHÆÐA, sem kynnt var í maí sl., er gott dæmi um. Þá verður fræðslustarfi meðal ungmenna haldið áfram og síðast en ekki síst verður gagnger stefnumótunarvinna sett af stað snemma árs 2023 þar sem fulltrúar sveitarfélaganna og annarra samstarfsaðila taka þátt.

Af þessu leiðir að settar eru fram tvær tölur hér yfir mögulegan styrk til SIGURHÆÐA. Verði framhald á stöðu SIGURHÆÐA sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar með óbreyttu framlagi þá er leitað eftir styrk frá Árborg að upphæð kr. 3.661.000. Komi ekkert framlag úr Sóknaráætlun er leitað styrks að upphæð kr. 4.779.000.

Með innilegu þakklæti fyrir gefandi samstarf og órofa samstöðu um SIGURHÆÐIR, úrræði sem hefur sannað gildi sitt svo eftir er tekið.

Virðingarfyllst,



Hildur Jónsdóttir

verkefnisstjóri SIGURHÆÐA

Viðhengi: Kostnaðaráætlun 2023.

<b>SIGURHÆÐIR 2023</b>				
<b>KOSTNAÐARÁÆTLUN (í þkr.)</b>	<b>Verð</b>	<b>Magn/Fjöldi</b>	<b>Alls</b>	
<b>MEÐFERÐARKOSTNAÐUR</b>				
1. Meðferðarstarf (viðtöl, hópastarf)			22.005	
2. Aksturssamningar			5.673	
3. Ferðir/uppihald v jaðarsveitarfélaga	100	4	400	
<b>MEÐFERÐARKOSTNAÐUR SAMTALS</b>			<b>28.078</b>	<b>28.078</b>
<b>FRÆÐSLA OG KYNNING</b>				
4. Fræðsla í framhaldsskólum	500	3 skólar	500	
5. Fræðsla Soroptimista fyrirlestrar	50	4	200	
6. Kynningarfundir	80	2	120	
<b>FRÆÐSLA OG KYNNING SAMTALS</b>			<b>820</b>	<b>820</b>
<b>STJÓRNUN OG EFTIRLIT</b>				
7. Verkefnisstjóri + vsk	558	12	6.696	
8. Verkefnisstjórn fundir	60	4	240	
<b>STJÓRNUN OG EFTIRLIT SAMTALS</b>			<b>6936</b>	<b>6936</b>
<b>STEFNUMÓTUNARFERLI</b>				
10. Stefnumótunarráðgjafi m vsk	1	2356	2356	
11. Aðrir fyrirlesarar			300	
12. Fundaraðstaða og veitingar			340	
13. Hönnun bæklings með stefnuskjali			120	
14. Prentun			200	
<b>STEFNUMÓTUNARFERLI SAMTALS</b>			<b>3316</b>	<b>3316</b>
<b>AÐKEYPT SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA</b>				
15. EMDR rannsókn			800	
16. Rannsókn á árangri hópmeðferðar			400	
17. Ársskýrsla, hönnun, prentun			300	
18. Bókhaldsþjónusta			220	
19. Endurskoðun			200	
<b>AÐKEYPT SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SAMTALS</b>			<b>1920</b>	<b>1920</b>
<b>REKSTRARKOSTNAÐUR</b>				
20. Leiga	260	12	3120	
21. Aðföng til listmeðferðar	15	10	150	
22. Bókunarkerfi	8,5	12	102	
23. Fjarskipti, hýsing	7	1	7	
24. Sími	7	12	84	
25. Kaffi, hreinlætisv. ofl	10	12	120	
26. Skrifst.vörur, frímerki, pappír, prenthylki			150	
27. Viðhald heimasíðu			100	
28. Túlkþjónusta			300	
29. Ferðakostnaður			400	
<b>REKSTRARKOSNAÐUR SAMTALS</b>			<b>4533</b>	<b>4533</b>
30. 5% ófyrirséð			<b>2280</b>	<b>2280</b>
<b>HEILDARKOSTNAÐUR SAMTALS</b>				<b>47883</b>

08067A

08067A

08067A